

Samgönguráðuneytið
Siglingastofnun Íslands
Húsafriðunarnefnd ríkisins

Forverkefnisskýrsla

„Plokkfiskur”

Íslensk strandmenning sem grunnur fyrir
ferðapjónustu í framtíðinni

Bjálkinn ehf
Rádgjevingsfirmaet ”LAURA”
Júlí 2004

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur og markmið	4
Samantekt og niðurstöður	7
Kafli I. Ágrip af íslenskri strandmenningu	8
Kafli II. Rammaákvæði og ferli	11
Kafli III. Gæðaferðapjónusta	15
Kafli IV. Nokkur svæði til að byggja upp strandmenningu	19
Kafli V. Markaðsrannsóknir og menntun	28
Kafli VI. Frumkvöðlastarf	30
Kafli VII. Niðurstöður og tillögur	32
Kafli VIII. Uppkast að margra ára aðalverkefni allra landsmanna, <i>Plokkfiski</i>	34
Umsagnir samstarfsaðila	36



Inngangur

Í kjölfar Norrænnar vitaráðstefnu í maí 2003 lagði Húsafriðunarnefnd ríkisins fram fyrstu áætlun um varðveislu og friðun íslenskra vita, „*Greinargerð um varðveislumat vita og tillögur um friðun*“, 1. desember 2003. Þar með varð Ísland eitt af fyrstu löndum heims til að skilgreina vita landsins sem mikilvægan hluta menningararfs þjóðarinnar og veita hluta þessara bygginga gæðastimpil með friðun.

Með greinargerðina að viðmiðun og í samvinnu við Íslenska vitafélagið hefur spurningin um áframhaldandi vinnu í sambandi við áætlunina verið rædd við Siglingastofnun og Samgönguráðuneytið. Þverfaglegri samvinnu hefur verið komið á laggirnar, þar sem aðalmarkmiðið er að líta á strandmenningu landsins alls sem grunn að áframhaldandi friðun og hvernig hægt sé að nota strandmenningu við þróun á gæðaferðaþjónustu (kvalitetsturisme).

Húsafriðunarnefnd, Samgönguráðuneytið og Siglingastofnun hafa með þetta í huga ráðið Bjálkann ehf og Rádgjefningsfyrmaet „LAURA“ til að koma með tillögur að því hvernig hægt sé að kortleggja þessa möguleika og hvað hægt sé að gera til að koma á kerfisbundinni þróun í ferðaþjónustu, byggðri á strandmenningu Íslands.

Þessi grunnvinna er skipulögð gegnum forverkefnið „**Plokkfiskur**“ -íslensk strandmenning sem grunnur að ferðaþjónustu í framtíðinni.

Það ber að líta á *Plokkfisk* sem frumtilraun til að nálgast þetta þverfaglega þema.

Forverkefnisheitið *Plokkfiskur* er runnið frá þeim mæta íslenska þjóðarrétti og er í fyrsta lagi valið að einhverju leyti til að tákna endurvinnslu á verðmætum, í öðru lagi til að hafa velþekkt heiti á verkefninu og í þriðja lagi til að undirstrika að hægt er að þróa ferðaþjónustu framtíðar með því að „plokka“ úr þeirri strandmenningu sem enn er við líði á Íslandi.

Vinnan í forverkefninu hefur farið fram með rannsóknum, kynnisferðum, vinnu á svæðum, fundum, lestri bókmennta, símtölum o.fl. á tímabilinu maí-júlí 2004.

Sigurbjörg Árnadóttir, framkvæmdastjóri Bjálkans ehf, hefur skipulagt verkefnið og Stein Malkenes, umhverfisráðgjafi, hjá Rádgjefningsfyrmaet „LAURA“, hefur verið verkefnisráðgjafi.

Við þökkum fyrir verkefnið og lítum björtum augum til áframhaldandi samvinnu.

Akureyri og Florø, maí-júlí 2004

Sigurbjörg Árnadóttir
Stein Malkenes

Tilgangur og markmiðið með forverkefninu *Plokkfiskur*

Bjálkinn ehf og Rádgjefningsfirmaet “Laura” fengu það verkefni frá Samgönguráðuneytinu, Húsafriðunarnefnd og Siglingastofnun að finna farsæla leið til að vinna heildarstefnumörkun fyrir nýtingu og vernd strandmenningar á Íslandi. Leið sem stuðlað getur að aukinni atvinnu, nýsköpun, vernd, sjálfbærni, dreifingu ferðamanna um landið, bættri þjónustu, betri nýtingu á því sem fyrir er, stöðugri búsetu, aukinni sjálfsvitund og sjálfstrausti íbúanna og bættum lífskjörum.

Samstarfsaðilar og vinnutilhögun

Samvinna Húsafriðunarnefndar, Siglingastofnunar og Samgönguráðuneytis um verkefnið *Plokkfiskur* er einstök og öðrum til eftirbreytni. Með samvinnu af þessu tagi skapast breiður umræðu- og samstarfsgrundvöllur sem er vænlegur til að skila varanlegum árangri.

Við gerð þessarar skýrslu og í leit að fleti til áframhaldandi vinnu, gerðum við vettvangskannanir á nokkrum stöðum, sóttum vísu í sjóð heimamanna og áttum fundi með eftirtöldum aðilum:

Agnes Stefánsdóttir, Fornleifavernd ríkisins
Bjarni Jónasson, IMG Deloitte
Elías B. Gíslason, Ferðamálaráði Íslands
Helga Haraldsdóttir, Samgönguráðuneytinu
Hermann Guðjónsson, Siglingastofnun Íslands
Hörður Sigurbjarnason, Hvalaskoðuninni Norður-Sigling
Íslenska vitafélagið
Kjartan Lárusson, Markaðs og upplýsingaskrifstofu Norðurlands
Magnús Skúlason, Húsafriðunarnefnd ríkisins
Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar
Valdimar Harðarson, kennari
Örlygur Kristfinnsson, Síldarminjasafninu á Siglufirði
Gunnar Jóhannesson, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga

Þessum aðilum kunnum við bestu þakkir fyrir góða fundi og viturleg ráð. Fyrsta uppkast skýrslunnar var tilbúið síðarihluta júnímánaðar og var það sent til allra ofantalinna aðila og þeir beðnir um athugasemdir. Með þær í farteskinu var þessi lokaáfangi unninn. Sjá nánar umsagnir þeirra á bls. 36.

Hvernig tökum við á móti gestum okkar og hvaða mynd gefum við af okkur?

- ⚡ Hvernig getum við sem best nýtt okkur heimsóknir gesta til atvinnu- uppbyggingar, nýsköpunar, byggðapróunar og til bættra lífskjara íbúum landsins til handa?
- ⚡ Jafnframt því að veita gestum okkar betri þjónustu, fræðslu og meiri og fjölbreyttari upplifun?

Það er ekki hlutverk forverkefnisins *Plokkfisks* eða neins eins að koma með töfrauppskrift. En það er m.a. hlutverk forverkefnisins að velta upp spurningum og benda á hugsanlegar leiðir og eitt aðalhlutverk okkar í framtíðinni að finna saman farsælustu leiðina.

Reyndar hefur frumkvæði Húsafríðunarnefndar, Siglingastofnunar og Samgönguráðuneytis þegar slegið fyrsta tóninn með þverfaglegri samvinnu sinni í *Plokkfiski*.

Ef við lítum í kringum okkur og skoðum hvar best hefur til tekist í ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu, þá koma landshlutar eins og Lappland og Hindelang í Bæjaralandi upp í hugann. Árið 1986 hafði íbúum Hindelang fækkað úr 200 í 80 á skömmum tíma þegar vörn var snúið í sókn. Síðan hefur þeim fjölgað jafnt og þétt og síðustu ár hefur yfir ein milljón ferðamanna heimsótt staðinn árlega.¹

Þess er heldur ekki langt að minnast að ferðaþjónusta í Lapplandi var talin nánast óhugsandi og einungis fyrir fáa innfædda sérvitringa. Ímynd þess var auðn, kuldi, myrkur og einfaldleiki. Nú er Lappland einn vinsælasti vetrarstaður Evrópu með fjölbreytta afþreyingu, háannatíma í svartasta skammdeginu og um þrjár milljónir ferðalanga sem sækja það heim ár hvert. Án ferðaþjónustu væri þar fátækleg byggð.²

Galdur velgengni beggja þessara staða er þverfagleg samvinna. Á báðum þessum stöðum hefur landsyfirvöldum í samvinnu við heimamenn, náttúruverndarsamtök og önnur hagsmunasamtök tekist að byggja upp gæðaferðaþjónustu sem bæði hefur orðið til þess að íbúum hefur fjölgað á svæðunum, atvinna orðið fjölbreyttari og hagur íbúanna sem og þjóðarhagur þar með vænkast.

Einn mikilvægasti þátturinn í þessari uppbyggingu er bætt sjálfsmynd íbúanna. Þannig hefur tilkoma Sidasafnsins í Inari í Lapplandi stuðlað að bættri sjálfsmynd Sama og gefið þeim kjark og þor til að byggja afkomu sína á eigin menningararfi.

Sjálfsmynd þjóðar byggist m.a. á því að þekkja eigin sögu og hafa spegla fortíðar og samtíðar til að spegla sig í og þreifa á.

Fortíðarspejill Íslendinga er að mestum hluta bókmenntir og aftur bókmenntir. Íslendingarsögur, álfasögur, draugasögur og Laxness. Þegar tekið er á móti erldnum gestum er vitnað í sögur og síðan er haldið til fjalla – út í hreina og líttspillta náttúru.

¹ www.hindelang.net

² Matkailuyrityksen ympäristöopas, 1997,

Einhverra hluta vegna hefur ekki tekist að varðveita sem skyldi horfna atvinnusögu. Hver ástæðan er skal ekki lagt mat á hér.

- ⚡ En kannski er hluti hennar hún sá að á Íslandi hafa aldrei verið neinar hallir eða kastalar til að státa sig af? Byggingarlistin var úr torfi og grjóti sem illa stenst tímans tönn og atvinnusagan ber merki um hart líf sem var gjörsneitt öllum glamúr.
- ⚡ Eða nær þjóðarstoltið ekki til torfveggjanna, sjávarseltunnar, kuldans og vosbúðarinnar?
- ⚡ Er sjálfsmyndin svo léleg að við höldum frekar á lofti hetjusögum landnámstímans en hetjusögum frá síðari tímum, þegar fólk barðist við að hafa í sig og á.
- ⚡ Hugsanlegt er einnig að þessi hluti sögunnar sé einfaldlega of nálægur í tíma til að unnt hafi verið að koma auga á hann og meta sem skyldi?

Í sameiningu þurfum við að finna svörin og breyta viðhorfum. Það er trú okkar að ef við leggjumst á eitt geti spegillinn við sjávarsíðuna fært okkur gleymd, geymd og falin auðæfi. Auðæfi sem þjóðinni ber skylda til að varðveita og nýta til gagns fyrir komandi kynslóðir. Til þess þarf mikið og gott þverfaglegt samstarf.



Samantekt og niðurstöður

Með tilvísun í þróunarverkefnið *Plokkfisk*, þau markmið og starfssvið sem ríkisstjórnin setur sér í norræna samvinnuverkefninu, eru aðalniðurstöðurnar eftirfarandi:

- ⌘ Ísland á sér þróttmikla en óskýra og lítt viðurkennda strandmenningu
- ⌘ Íslensk strandmenning er grunnur íslenskrar sögu og sjálfsvitundar
- ⌘ Íslensk strandmenning hefur mátt til að þróast í gæðaferðaþjónustu

Með tilliti til þessa leggur forverkefnið til:

- ⌘ Íslensk strandmenning verður grunnur að nokkurra ára, þróunarverkefni sem unnið verður á landsvísu, *Plokkfiski*.
- ⌘ Þróunarverkefnið *Plokkfiskur* á að kortleggja, þróa, skipuleggja, fjármagna og koma af stað framkvæmdum sem leitt geta til þróunar á skipulagðri strandferðaþjónustu á Íslandi. Þjónustu sem byggir á gæðum og verður sýnileg.
- ⌘ Fyrsti áfangi í þróunarverkefninu *Plokkfiskur* ætti einnig að hafa sem forgangsverkefni að kortleggja ástandið eins og það er nú. Undirbúa og halda þemabundnar ráðstefnur um gæðaferðaþjónustu og strandmenningu. Þessi vinna ætti að hefjast haustið 2004.
- ⌘ Mælt er með að fyrsta verkefnið í þróunarverkefninu *Plokkfiskur* verði að gera markaðskönnun á gæðaferðaþjónustu og íslenskri strandmenningu. Þessi vinna ætti að hefjast haustið 2004.
- ⌘ Lagt er til að íslensk stjórnvöld skipi stjórnendur og verkefnishóp sem fær það hlutverk að þróa áfram og skipuleggja þróunarverkefnið *Plokkfisk*. Hópurinn þarf að samstanda af fulltrúum stjórnvalda, ferðaþjónustu, Fornleifavernd, Húsafriðunarnefnd, mikilvægra samtaka og einstakliga sem náð hafa góðum árangri og/eða sýnt fram á hugmyndaauðgi og frumkvæði á þessu sviði.
- ⌘ Þróunarverkefnið *Plokkfiskur* verður fjármagnað af ríkinu sem nýsköpunarverkefni á landsvísu.

Tilmæli: Gert verði ráð fyrir að þróunarverkefnið *Plokkfiskur* standi frá 2004-2009.



Kafli I
Ágrip af íslenskri strandmenningu

1.1. Er strandmenning á Íslandi?

Fá lönd í heiminum eru jafn háð hafinu og gjafmildi þess og Ísland. Frá því fyrstu landnámsmennirnir sigldu knörrum sínum yfir hafið og allt fram til dagsins í dag hefur nálægðin við hafið haft áhrif á íslenskt samfélag, efnahag þess, atvinnulíf, búsetu, menningu og sögu og ekki síst fólkið í landinu. Fólkið, sem oftast en ekki byggði alla sína afkomu á gjafmildi hafsins. Háði sínar orrustur við háska þess, naut gjafmildi þess, átti sína sigra en einnig sína ósigra sem greiddir voru í mannlífum.

Næstum allir bæir og þéttbýliskjarnar landsins eru við ströndina. Einnig búa flestallir landsmenn innan við 5 kílómetra frá ströndu og flestar íslenskar fjölskyldur hafa því einhverntíma tengst strönd og hafi.

Í þessu sambandi getum við lagt fram eftirfarandi spurningar:

- ☞ Hvað er strandmenning?
- ☞ Á Ísland strandmenningu og í hverju felst hún þá?
- ☞ Hver á að geta skilgreint og svarað?
- ☞ Á Ísland lifandi eða horfna strandmenningu?
- ☞ Hvaða fólk eða samfélagshópar standa fyrir núverandi strandmenningu í íslensku samfélagi?
- ☞ Er strandmenning kannski bara eitthvað sem er til á söfnum?
- ☞ Er strandmenning landsins minning um liðna tíð sem við viljum helst gleyma?

Í stuttorðu forverkefni sem *Plokkfiski* á að leggja fram slíkar spurningar.

Samt er það ekki hlutverk *Plokkfisks* að gefa fullkomin svör.

Við göngum út frá eftirfarandi:

Ísland á sér þróttmikla en óskýra og lítt viðurkennda strandmenningu.

Strandmenningin finnst í íslenskum bókmenntum, matarmenningu, tónlist, fornminjum, sögum og sögnum, í veiðimennsku og vitum. Hún er til í daglegu lífi: við hafnirnar, meðal fólks, á bryggjunum, í bátunum, á veitingahúsum og á söfnum. Síðast en ekki síst tengist hún strandmenningu allra annarra strandþjóða heimsins.

Saga Íslands er því að jöfnu sagan um síld, þorsk, salt og hversdagsfólk, eins og hún er sagan um Íslendingasögur, víkinga, eldfjöll og heita hverir.

1.2. Norsk strandmenning – gróðrareitur fyrir þróun ferðapjónustu.

Gerum smá samanburð við Noreg.

Ef við lítum yfir hafið til strand-, siglinga- og veiðipjóðarinnar Norðmanna, sjáum við að hugtakið strandmenning er fyrst notað þar á árunum eftir 1980.

Fram að því var strandmenning hvorki undir sérstakri stjórnsýslu né fjárlögum. Þar að auki voru það aðallega áhugasamir sjálfboðaliðar sem sáu um að koma á framfæri og beina athygli að einum af aðal menningarþáttum Noregs.

Í dag er strandmenningin vaxtarsvæði fyrir norska ferðapjónustu og stór hluti nýsköpunar í ferðapjónustu byggir einmitt á ólíkum sviðum strandmenningar .

Tveir sýnilegustu þættirnir í gæðaferðapjónustu er ferðapjónusta í norskum vitum ásamt notkun á fornum bátum.

1.3. Íslensk strandmenning vaxtarsvæði fyrir menningarferðapjónustu framtíðar?

Fjölbreytileiki íslenskrar strandmenningar gerir hana að hluta mjög aðgengilega.

Áframhaldandi þróun ferðapjónustu á Íslandi, byggð á strandmenningu og verðmætum hennar, býður þess vegna uppá mikla möguleika.

Nú þegar er í gangi mismunandi ferðapjónusta sem byggist á strandmenningu Íslands. Trúlega eru hvalaskoðunarferðir þar þekktastar.

Í þessu stutta yfirliti munum við gera samanburð við önnur ríki og skoða nánar ýmsar leiðir til að nýta íslenska strandmenningu sem áherslusvið innan þróunar gæðaferðapjónustu.



Kafli II
Rammaákvæði og ferli

2.1. Verkefni í vinnslu

Það er verið að koma á fót og vinna ýmis verkefni sem hafa þýðingu fyrir þróunarverkefnið *Plokkfisk*. Þetta á bæði við um staðbundin verkefni og verkefni á landsvísu, sem og norræn og ESB-studd ferli og áætlanir. Í þessum kafla munum við fjalla í stuttu máli um nokkur þeirra.

2.2. Verkefni, staðbundin og á landsvísu

Innan ferðaþjónustunnar er að finna margvíslega afþreyingu tengda strandmenningu. Við nefnum hér tvennt til þar sem íslensk strandmenning snýr að ferðaþjónustu.

☞ Hvalaskoðun/hvalasafn

☞ Stofnun tveggja nýrra „strandsafna”

2.2.1. Hvalur

Saga Íslands sem hvalveiðipjóðar nær alveg aftur til landnámstíma. Frá sautjándu öld stunduðu Baskar, Frakkar, Hollendingar, Ameríkanar og Norðmenn hvalveiðar í kringum Ísland, þar til Alþingi Íslendinga, sem fyrsta þjóð í heimi, bannaði hvalveiðar árið 1915.³

Tuttugu árum síðar voru veiðar leyfðar á ný. Á síðustu áratugum hafa verið miklar deilur um veiðarnar og árekstrar milli alþjóðlegra samtaka dýra-verndunarsinna og hvalveiðimanna. Þessi mikilvægi hluti sögunnar er sérstaklega tekinn fyrir og sýndur á hvalasafninu á Húsavík. Hvalaskoðunarferðir er nokkuð ný starfsemi í tengslum við strandmenningu. Hér hafa Húsvíkingar riðið á vaðið þó nú séu ferðir í boði á fleiri stöðum. Í þessu sambandi má nefna þá stórkostlegu möguleika sem felast í viðgerðum og endurbótum á íslensku hvalveiðiskipunum fimm sem liggja í Reykjavíkurböfn. Sennilega er hvergi annarsstaðar í heiminum hægt að fara í hvalaskoðunarferðir á upprunalegum hvalveiðiskipunum.

2.2.2. Ný „Strandsöfn”. Saltfisksetrið í Grindavík og Síldarminjasafnið á Siglufirði

Íslensk fiskveiðisaga er, í okkar skilningi, sérstaklega tengd fjórum aðal hugtökum :

☞ Þorskur

☞ Síld

☞ Salt

☞ Nálægð við auðlindirnar

³ Nordisk handleplan for natur- og kulturmiljøbeskyttelse i Arktis-Grønland, Island og Svalbard. Bls.33 Norræna ráðherranefndin, 1999

Sú staðreynd að enn þann dag í dag stendur útflutningur á fiski og fiskafurðum fyrir um það bil 75% af útflutningstekjum Íslendinga, undirstrikar greinilega hversu háð þjóðin er hafinu og auðlindum þess.

Í þessu sambandi er stofnun Saltfiskseturs Íslands í Grindavík mikilvægt tækifæri til að miðla þekkingu, sögu og sjálfsvitund.⁴ Einnig er uppbygging Síldarminjasafnsins á Siglufirði til fyrirmyndar og verðugt minnismerki fyrir þýðingu síldarævintýrisins á íslenskan efnahag og samfélagsþróun. Með áframhaldandi áherslu á miðlun strandmenningar, bæði í kennslu og ferðaþjónustu, ætti safnið að gegna miðjuhlutverki.⁵

2.3. Norræn samvinna

Íslensk stjórnvöld eru á þessu ári með formennsku í hinu norræna samstarfi. Í starfsáætlun stjórnvalda (4) skrifar samgönguráðherra Sturla Böðvarsson meðal annars um forgangsroðun sína á verkefnum:

“ Ísland mun leiða norræna samvinnu árið 2004 undir fyrirsögninni: ‘- Auðlindir Norðurlanda’. Fyrirsögnin hefur margþætta merkingu. Með auðlindir er átt við þjóðfélagsskipan, þjóðfélagsleg tengsl, **menningararfur** (okkar feitletrun) og auðlindir náttúrunnar.”

“ Það er mjög mikilvægt að auðlindirnar séu nýttar á öruggan hátt, þannig að núlifandi kynslóðir geti notið góðs af þeim, án þess þó að gengið sé á rétt þeirra sem á eftir koma. Það eru þrjú aðalatriði í áætlun Íslands, þ.e. lýðræði, **menning og náttúra** (okkar feitletrun) og þessi atriði fléttast saman á ýmsan hátt.”

“Það skal unnið að því að taka saman samnorrænar grunnhugmyndir um menningartengda ferðaþjónustu. Þetta er umfangsmikið verkefni og það er þegar búið að leggja niður þýðingarmikla vinnu í þessu sambandi. Það er þess vegna nauðsynlegt að takmarka verkefnið við skýra sameiginlega drætti í Norrænni menningu, fortíð, nútíð og framtíð.”⁶

Fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, orðar Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, þetta þannig í sinni framkvæmdáætlun:

“Það skal unnið að samantekt á samnorrænum grunnhugmyndum um menningartengda ferðaþjónustu. Það er nauðsynlegt að takmarka verkefnið við skýra sameiginlega drætti í Norrænni menningu, fortíð, nútíð og framtíð”.

Áhersla skal lögð á að vinna betur að skiplulagðri áætlun um örugga ferðaþjónustu á heimsskautasvæðunum og hrinda þeirri áætlun af stað.

⁴Okkar heimsókn þar, 23.05.04

⁵Nordens Ressourser- Trafik, turisme og telekommunikasjon. Island

⁶Formandskabsprogram i nordisk samarbejde 2004. Reykjavik 2004

Þróunarverkefnið *Plokkfiskur* vill gjarnan leggja sitt af mörkum, innan þeirra ramma sem íslenska formannsnefndin setur hér.

2.4 ESB-verkefnið NORCE

Í ár fór af stað ESB-verkefnið NORCE, stjórnað af Rögnvaldi Guðmundssyni.

NORCE mun aðallega vinna að strandtengdum verkefnum innan þróunar ferðamála.

Fyrsti fundur NORCE var á Húsavík í júní. Þar var meðal annars rætt um hvernig best sé að samræma áframhaldandi samvinnu milli NORCE og *Plokkfisks*.





Kafli III
Gæðaferðapjónusta

3.1. Gæðaferðapjónusta

Hvaðanæva úr heiminum berast þær fréttir að markaðurinn fyrir ferðamenn leggi í auknum mæli áherslu á gæðaframboð áfangastaða.

Gæði geta til dæmis verið kyrrð, hreint loft, hreint vatn, öryggi, samband við íbúa og siði landsins, upplifun á mataræði og menningu landsins, ósnert náttúra o.s.frv.

Þar að auki kemur fram að vaxandi hluti ferðamanna er tilbúinn að borga meira fyrir þessa tegund ferðapjónustu.

Þetta kemur fram í fjölmörgum markaðsrannsóknum⁷ sem hafa verið gerðar á síðustu árum.

Afleiðingar þessa eru að sífellt er verið að þróa nýja markaðsvöru, tengda mismunandi sviðum og þemum.

Hvað er þá gæðaferðapjónusta og hvað er íslensk gæðaferðapjónusta?

Íslenska formannsnefndin í norrænu samvinnunni leggur mikla áherslu á tvö hugtök innan ferðaþróunar:

≠# menningartengd ferðapjónusta

≠# örugg ferðapjónusta

Við túlkum þetta á þann veg að stjórnvöld vilji beina athygli að menningu landsins, sem undirstöðu öruggrar ferðapjónustu.

Innan hugtaksins gæðaferðapjónusta finnur maður bæði þessi áhersluatriði stjórnvalda.

Carlo Aall við norsku rannsóknarstofnunina Vestlandsforskning bendir á skilgreiningar Evrópusambandsins á gæðaferðapjónustu:

“Skilgreining ESB á gæðaferðapjónustu vísar til fjögurra mikilvægra atriða:⁸

1. Gæðaferðapjónusta tengist tvímælalaust markmiðinu um örugga ferðapjónustu.
2. Gæðaferðapjónusta tengist öðrum tegundum sértækra ferðapjónustu
3. Skilningur og tillit til staðháttatakmarkana er mikilvægt í þróun mismunandi tegunda gæðaferðapjónustu.
4. Héruð sem eiga í erfiðleikum fá forgangshjálp til þróunar ferðamála.

⁷ Sjá t.d. Carlo Aall, Vestlandsforskning, Norge, 2003

⁸ Sjá t.d. Carlo Aall, Vestlandsforskning, Norge, 2003

Það mikilvægasta er að uppbyggingin tengist markmiðunum um sjálfbæra þróun. Það sem hefur úrslitaáhrif á framgang málsins er þá hvernig maður skilgreinir markmiðið um sjálfbæra þróun.

Takmörk eru líka mikilvæg í þeim skilningi að þau takmarka og tengja gæðaferðaþjónustu þeim tilboðum, sem hafa þróast sem mótvægi við fjöldaferðamennsku. Aðalrökin fyrir þeirri tegund ferðaþjónustu hefur verið að minnka umhverfisálagið, að fá í gang ferðaþjónustu sem getur hlíft staðarmenningunni, en skilur þó eftir stóran hluta verðmætasköpunarinnar heima í héraði.”

Við sjáum hér að út frá öryggishugtakinu leggur ESB til gæðatengda ferðaþjónustu þar sem óskað er eftir þróun ferðamála í héruðum sem eiga í erfiðleikum og þar sem æskilegt er að sem mest af verðmætunum verði eftir í heimahéraðinu.

En hverskonar gæði erum við að tala um?

Hvað verður íslensk gæðaferðaþjónusta út frá þessu hugtaki?

Við skulum líta aftur á Evrópusambandið.

Í skýrslunni “Cultural Heritage Monuments and Historic buildings as value generators in a post industrial economy” er því slegið fast að menningarminjar séu aðdráttarafli fyrir þróun ferðamála.

Skýrslan sýnir að evrópskar menningarminjar hafa mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn í Evrópu, meðal annars vegna þess að menningararfur Evrópu er svo mikilfenglegur að fólk vill skoða hann og fræðast um hann.

Einnig kemur fram í skýrslunni að eigendur minjanna bera allan kostnað af viðhaldi og rekstri á meðan tekjurnar lenda í vasa ýmissa fyrirtækja sem tengd eru ferðaþjónustunni í kringum minjarnar.

Í íslensku strandmenningunni finnum við mikið af gæðum. Í 2. kafla nefndum við nokkur þeirra.

Einnig höfum við sagt að það þurfi að gera íslenska strandmenningu áþreifanlega, lyfta henni til vegs og virðingar, gera hana sýnilega. Það mun á móti verða til þess að byggja upp stolt og sjálfsvirðingu, og ekki síst undirstöðu fyrir gæðaferðaþjónustu.

3.2. Friðun er gæði

Inni í þessa mynd kemur líka mikilvægi þess að friða menningarminjar, svæði, náttúru o.s.frv. Það gefur viðkomandi hlut/stað gæðastimpil.

Þegar Húsafriðunarnefnd t.d. friðar sjö vita á Íslandi fá þeir ósjálfrátt þennan gæðastimpil, sem leiðir svo af sér að þeir verða áhugaverðir við þróun ferðaþjónustu.

Um leið eru gerðar sérstakar kröfur til eigenda vitanna og þeirra sem þróa söluvöruna.

Áhugaverð afleiðing þessa verður svo áframhaldandi vinna með friðun vita á Íslandi og hvernig hægt er að nýta þá í menningartengdri gæðaferðaþjónustu í framtíðinni.

3.3. Merkjavöruframleiðsla

Að hluta getum við sagt að það að stefna á strandmenningu sem undirstöðu fyrir áframhaldandi gæðaferðaþjónustu á Íslandi sé líka að stefna að þjóðlegri, íslenskri merkjavöruframleiðslu.

Það ferli hefur verið keyrt í öðrum löndum og heimshlutum⁹ og hægt er að finna það í riti. Ferðamálaráð Noregs hefur til dæmis lagt mikla vinnu og krafta hin síðari ár í þannig merkjavöruframleiðslu.

Í slíku ferli koma yfirleitt upp umræður um að draga fram í dagsljósið og færa sönnur á merkjavöruna sem ósvikna. Það sem hægt er að nota eru t.d skrifaðar heimildir eða vottorð af öðru tagi, einnig verður starfsemin að uppfylla þær ströngu gæðakröfur sem verður að gera. Þá hlið málsins er auðvitað gott að líta á á seinni stigum ferilsins.

3.4. Skilgreining - Aðalviðmiðunarreglur fyrir gæðaferðaþjónustu í íslenskri strandmenningu

Sem skilgreining á hugtakinu gæðaferðaþjónusta í íslenskri strandmenningu getum við haft til hliðsjónar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

- ## Strandmenning Íslands hefur uppá mikið að bjóða.
- ## Það getur verið undirstaða fyrir áframhaldandi þróun gæðaferðaþjónustu.
- ## Gæðaferðaþjónusta á að koma dreifbýlinu til góða.
- ## Gæðaferðaþjónusta á að skilja eftir meira af tekjum heima í héraði.
- ## Það er æskilegt að þróunin verði samræmd á landsvísu.
- ## Það er æskilegt koma af stað samræmdri vinnu um merkjavöruframleiðslu.
- ## Slíkur starfshópur myndi þá gjarnan geta rætt um drög að gæðavottun fyrir starfsemi af þessum toga.

Með þetta sem bakgrunn og íslenska strandmenningu sem þema reynum við í *Plokkfiski* að koma með ákveðnar tillögur um staði þar sem möguleikar eru fyrir þróun gæðaferðaþjónustu. Þó ber að minna á það enn og aftur að við höfðum ekki svigrúm til að gera margar vettvangskannanir. Hér eru því einungis nefndir örfáir staðir.

⁹ sjá t.d. verkefnið "Quality tourism for the Caribbean (QTC), CA, Vestlandsforskning, 2003



Kafli IV
Nokkur svæði til að byggja upp
strandmenningu

4.1. Strandmenning sem þemagrundvöllur fyrir áframhaldandi þróun gæðaferðaþjónustu

Í Kafla II settum við í brennidepil tvö ákveðin strandmenningarsvið sem hafa uppá mikið að bjóða og hafa mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustuna: hvalaskoðunarferðir og söfnin í Grindavík og á Siglufirði.

Í þessum kafla munum við sem tilraun benda á nokkur mikilvæg strandmenningarsvið og hugsanlega möguleika við þróun þeirra.

4.2. Vitar

Með tilvísun í fyrstu íslensku friðunaráætlunina fyrir vita, vita sem þema og mikilvægi vitasögunnar í íslenskri strandmenningu er eðlilegt að byrja þennan hluta *Þlokkfisks* með vitum.

Reynsla af nýtingu vita við þróun ferðaþjónustu er fánleg frá öðrum löndum, t.d. Noregi og Englandi.

Í Noregi er aukinn áhugi á nýtingu vita og vitastöðva í ferðaþjónustu.

Þetta á við um bæði þá 82 vita sem eru friðaðir og einnig um þá næstum 120 sem ekki eru friðaðir.

Í Noregi á ríkið næstum alla vita landsins og Norska siglingstofnunin semur um leigu á þeim til sýslna, bæjarfélaga eða félagasamtaka sem sjá um rekstur á þeirra.

Norska Stórþingið hefur sett ákveðnar kröfur til þessarar starfsemi þar sem grundvallarreglan er sú að vitar skuli vera aðgengilegir almenningi. Þannig er ekki hægt að einkavæða vita og hafa þar starfsemi til einkaafnota.

Á Íslandi er eignarhaldið flóknara. Samt sem áður er það meginreglan að þar sem ríkið á vita ætti það að eiga hann áfram sem og jarðirnar sem vitinn stendur á, og stefna að því að starfsemi sem tengist ferðaþjónustu og fræðslu geti farið þar fram. Hingað til hefur þróunin hins vegar verið sú að íbúðarhús og jarðir sem áður hýstu vitaverði eru seld hæstbjóðanda án nokkurra skilyrða.

Eini vitinn á landinu sem markvisst er nýttur til fræðslu er vitinn í Gróttu á Seltjarnanesi. Þangað koma árlega hundruð skólabarna auk þess sem ár hvert er haldinn Gróttudagur og gefst þá almenningi kostur á að fara upp í vitann.

Á Galtarvita hafa nokkrir einstaklingar keypt vitavarðarbústaðinn og útihús og eru nú að vinna að því að koma þar upp gistiaðstöðu og menningarmiðstöð.

Viti sem er ferðaþjónustutengdur er alltaf gæðavara.

Viti sem er friðaður er að okkar mati hágæðavara.

Byggingarnar, staðsetningin, sagan og ímyndin sjálf hafa sýnt sig að virka lokkandi á fleiri og fleiri. Margir vitar í öðrum löndum eru mjög eftirsóttir sem áfangastaðir ferðamanna og einnig í sambandi við fræðslu eins og vitinn í Gróttu.

Það er afgerandi fyrir mögulega notkun vita í ferðapjónustu hvernig aðgengi er að honum og hver skipulagning ferða er til hans.

Stærsti hluti vita heimsins er staðsettur á óaðgengilegum stöðum og er þannig ónothæfur sem áfangastaður ferðamanna.

Þar sem aðkoma er góð eru möguleikarnir fyrir hendi, að því tilskyldu að skipulagning og uppbygging starfseminnar sé undir gæðaeftirliti.

Mikilvægt í skipulagningu á starfssemi hvers vita er að semja viðskipta og varðveisluáætlun ("Business and Conservation Plan") að fyrirmynd Trinity House, sem er eigandi vitanna í Englandi.

Slík áætlun inniheldur allt sem á þarf að halda til að meta stöðuna og þróa starfsemina.

Dæmi um notkun á norskum vitum :

- ⚡ listamannabústaðir
- ⚡ gisti- og athafnastaðir fyrir hópa eða fjölskyldur
- ⚡ námskeiðs- og fundastaðir
- ⚡ kennslustaðir (sérstaklega í lágannatímum)
- ⚡ Keðja af vitum, sem fólk getur ferðast á milli, selt í einum pakka
- ⚡ Vitasöfn¹⁰

4.2.1. Íslenskt vitasafn

Mikilvægt hjálpartæki við áframhaldandi þróun á skráningu og heimildasöfnun íslenskrar vitasögu væri að íslenska ríkið undirbyggi opnun íslensks vitasafns. Það gefur undirstöðu fyrir þróun gæðaferðapjónustu, byggðri á notkun vita. Norska ríkið hefur á síðustu árum komið á fót vitasafni. Það var sett upp á fjórum stöðum, þar sem hver staður gegnir sínu hlutverki, sem hluti af heildinni. Þetta er álitnið afgerandi til að byggja upp ferðapjónustuna tengda þessu ákveðna þema.

Enn eiga Íslendingar ekkert vitasafn. Íslenska vitafélagið hefur þó unnið að því að koma upp fyrsta vísi þess í Lýðveldisvitnum á Garðskaga í samvinnu við Byggðasafnið í Garði, hreppsnefndina í Garði og Siglingastofnun og var sú sýning opnuð um Jónsemessuna.

Við hlið Lýðveldisvitans stendur gamli vitinn, nýfriðaður, og full ástæða er til að hvetja stjórnvöld til að koma þarna upp myndarlegu vitasafni í samvinnu við heimamenn sem eru að byggja yfir byggðasafn hreppsins.

Auk þess er hægt að hugsa sér að hver landsfjórðungur fengi sitt vitasögusafn sem yrði hluti á sjóminjasöfnum. fjórðungsins höfðu á byggðarþróun, búsetu og mannlíf í fjórðungnum.

Saga vitans á Íslandi, þó ung sé, er jafn merkileg og afgerandi fyrir þróun samgöngu- atvinnu- og byggðarmála og í grannríkjunum.

¹⁰ sjá. T.d. www.fyr.no og síðar www.fyropplevelser.no

4.3. Söfn

Við höfum þegar nefnt þrjú mikilvæg söfn tengd íslenskri strandmenningu:

- ⌘ Saltfisksetrið í Grindavík
- ⌘ Síldarminjasafnið á Siglufirði
- ⌘ Hvalasafnið á Húsavík

Að auki eru til mörg fleiri söfn sem að miklu leyti byggjast á strandmenningunni og möguleikum hennar innan gæðaferðaþjónustu.

Söfn er þýðingarmikill staður fyrir miðlun á gildum, sögu, menningu, efnahag og lífi fólks til sjávar og sveita, bæði á hátíðum og hvunndögum.

Að auki virka söfn sem þekkingarsjóðir innan síns svæðis og eru mikilvægur liður í miðlun þess hvernir á að þróa, stofna og reka gæðaferðaþjónustu, byggða á strandmenningu.

Það ætti að fara fram rannsókn á aðstæðum allra safna sem tengjast strandmenningu á Íslandi, með það að markmiði að þróa merkjavörðunet strandsafna. Þau gætu, ef vill, verið tengd saman á landsvísu, og komið á fót og rekið samræmda starfsemi tengda þróun ferðamála og fræðslu.

4.4. Fornir mannabústaðir

Það eru til rústir af gömlum mannabústöðum sem tengjast bæði strandmenningunni og blönduðum búskap, landbúnaði og fiskveiðum. Þessar bústaðaleifar lýsa þróun íslensks þjóðfélags frá landnámi og eru stórkostlegar sögulegar minjar.

Í mörgum öðrum löndum eru þessháttar minjar gerðar upp og gerðar aðgengilegar ferðamönnum. Þetta er þá orðinn ferðamannastaður, með tilheyrandi tekjum og atvinnutækifærum.

Að auki eru þessir staðir notaðir til kennslu.

Einn af þekktustu stöðunum af þessu tagi er Jarlshof á Sumburgh Head á Hjaltlandi. Yfirvöls á Hjaltlandi hafa látið gera upp sögulegar búsetuminjar frá ýmsum tímabilum og gert aðgengilegar fyrir ferðamenn. Þessi mannvirki eru stimpluð sem hágæða vara fyrir ferðamenn.

Fornleifavernd ríkisins vinnur nú að stefnumótun í fornleifavernd á landsvísu. *Plokkfiskur* hefur þá trú að slík stefnumótun hafi ómetanlega þýðingu fyrir þróun ferðamála.

Í forrannsóknum okkar höfum við farið um með heimamönnum með þekkingu, og litið nánar á nokkra sögulega staði á Íslandi. Í þessu sambandi viljum við minnst á tvo þeirra, báða staðsetta á Reykjanesi.

4.4.1. Óttarsstaðir og Vatnsleysuströnd

Óttarsstaðir eru í nágrenni álversins, við Þjóðveginn frá Keflavík til Reykjavíkur.

Hér hefur verið búið allt frá landnámsöld.

Þær minjar sem eru á staðnum eru margar hverjar aldagamlar. Þær eru dreifðar yfir nokkuð stórt svæði, en þær sem eru mest áberandi er húsakostur frá fyrrihluta tuttugustu aldar. Höfðuðból og kotbýli, sennilega um 50-100 mannvirki.

Minjarnar eru aðallega tengdar sjávarútvegsbúskap. Fyrir utan húsarústir, leifar af bústöðum, útihúsum, naustum, götum og girðingum eru þarna leifar af bátsmiðastöð með hluta af gömlum trébát.

Í Kapelluhrauni, sem er skammt frá þessum minjum eru leifar af katólskri kapelli.

Aðal burðarásinn í staðarlífinu virðist hafa verið þorskveiðiannirnar á vetrarvertíð og er staðurinn lýsandi dæmi um strandmenningararfleifð og býður uppá ótæmandi möguleika innan ferðaþjónustu.

Einhverjar fornleifarannsóknir hafa farið fram á svæðinu.

Óttarsstaðir er í einkaeign og eftir því sem við best vitum eru engar áætlanir uppi um breytingar á staðnum.

Fleiri staðir á Vatnsleysuströnd hafa svipaða sögu að segja og má þar nefna Hvassahraunsjörðina, Ásláksstaðahverfið í nágrenni Gerðistangavita og Brunnastaðahverfi.

4.4.2. Selatangar

Aðrar mjög áhugaverðar strandminjar eru Selatangar, suð-austur af Grindavík. Þetta svæði mun líka hafa verið miðstöð fyrir árstíðabundnar veiðar og hér eru rústir, hellar og aðrar minjar. Talið er að þarna hafi verið verstöðvar af svipaðri stærðargráðu og gömlu verstöðvarnar á Snæfellsnesi; Dritvík og Djúpalónssandur þar sem oft gistu hundruðir vermannna. Okkur skilst að áhugasamur einkaaðili hafi gert svæðið aðgengilegt fyrir almenning og sett upp upplýsingaskilti, gangstíga og gefið út bækling.

Bæði Óttarsstaðir og Selatangar eru dæmi um aðgengilega sögustaði á Íslandi sem hafa mikla möguleika í ferðaþjónustu.

Það ætti að koma af stað vinnuhópi, með það að markmiði að gera yfirlit yfir slíka staði á landinu öllu, forgangsraða þeim og meta ástand þeirra og möguleika innan ferðaþjónustu.

4.5. Bátsferðir frá Stykkishólmi

Í mörgum löndum eru hlutar ferðaþjónustu tengdir bæði smábátanotkun og atvinnubátum. Þetta fer að sjálfsögðu eftir strandgerð og loftslagi, eða síkjum, skurðum, ám og notkun þeirra. Flestir þekkja til eyjasiglinga við Grikkland eða síkjasiglinga á meginlandinu og Englandi, smábátasiglinga við Noreg eða seglbrettasiglinga á öldum Kyrrahafsins. Einnig er í auknum mæli farið að bjóða uppá dagsferðir með sjómönnum að veiðum.

Ísland hefur lítið boðið uppá þessa tegund ferðaþjónustu.

Það getur átt sér ýmsar orsakir. Ein af þeim er staðsetning Íslands, kalt loftslag, vindar og opið haf.

Einn staður sker sig þó úr að þessu leyti og það eru eyjarnar á Breiðafirði. Í Stykkishólmi er ekki aðeins að finna tvo mest spennandi matseðla á Íslandi, þar er líka höfn og allt grunnskipulag sem getur verið undirstaða fyrir bátaferðapjónustu. Hér ætti að vera hægt að koma upp bæði bátaleigu fyrir segl- og mótorbáta svo og leigu fyrir smærri báta til dagsferða með gistingu í landi. Það væri einnig hægt að koma upp “strandferðamódeli” að norskri fyrirmynd, þar sem fólk siglir á milli eyja.

Það ættu jafnvel að vera möguleikar á framleiðslu “sjávarhúðkeipa” þ.e.a.s. stærri húðkeipa, kajaka, til notkunar á sjó. Einnig ætti að vera hægt að koma á ferðum þar sem ferðalangurinn kemst til sjós með heimamönnum.¹¹

En það er áriðandi að auðveldara sé að komast yfir sjókort en raunin er í dag.

4.5.1. Batar með menningarsöglegt gildi – þjóðfélagsleg ábyrgð

Sérstök tegund af þjónustu gæti verið að bjóða upp á ferðir með gömlum íslenskum trébátum. Í dag er eftir því sem við best vitum engin framleiðsla á trébátum á Íslandi og trébátagerð er gömul íslensk handið sem er að falla í gleysku.

Í Noregi hefur verið komið á fót þremur mismundi ríkisreknum bátamiðstöðum og samtímis er bátagerðin á uppleið, eftir mikla niðursveiflu undanfarinna ára.

Því ætti að koma á fót verkefni á Íslandi til þess að skoða þessa starfsemi nánar og þar sem því verður komið við ætti að kanna hvort hægt sé að samræma íslenska bátagerðarhefð og nútíma ferðapjónustu.

4.5.2. Hvalabátarnir í Reykjavíkurböfn

Í Reykjavík liggja fimm upprunalegar hvalabátar. Ef hvalabátarnir yrðu gerðir upp liggja einstök sóknarfæri í hvalaskoðunarferðum og í öllum þáttum hvalveiðisögunnar. Sennilega er hvergi í heiminum hægt að upplifa hvalaskoðun í raunverulegum hvalveiðibátum af þessari tegund.

4.6. Matur og matarmenning

Mikilvægur þáttur innan alþjóðlegrar ferðapjónustu er að bjóða upp á og sýna sérstöðu eigin matarmenningar. Afmörkuð svæði hafa í gegnum margar kynslóðir þróað margar frægar merkjavörur með því að þróa eigin matarmenningu. Flestir kannast við skinkuna frá Parma, ostinn frá Frakklandi, bacalao frá Spáni og Portúgal, hollenskt kippers, sænsk sildarborð, skoskt viskí, kampavín og konjak.

¹¹ Í Noregi hefur veiði ferðamanna aukist svo mikið að norsk stjórnvöld hafa í samvinnu við ferðamálayfirvöld og smábátaútgerðina sett strangari reglur þar um.

En hve margir vita að saltfiskurinn sem notaður er í bacalao er innfluttur frá Íslandi og Noregi og að bæði þessi lönd eiga ríkar matarhefðir sem tengjast þessu hráefni? Og hefur ekki hollenskt kippers og sænska kryddsildin verið flutt frá Siglufirði svo kynslóðum skiptir?

Matur er í senn sjálfsmynd og viðskipti.
Þjóðlegur matur er sama og gæði – og gæði gefa vel af sér.

Í Noregi var á síðasta áratug síðustu aldar lögð rík áhersla á mat og matarmenningu (og nöfn og skreytingar) á matstöðum meðfram þjóðvegum og í þorpunum. Fjöldinn allur af rannsóknum sýna að það var varla mögulegt að reka matstaði með hefðbundum norskum mat og í staðinn komu staðir með alþjóðlegum réttum og amerísku skyndibitafæði.

Til þess að skoða þetta nánar og með það fyrir augum að breyta þessari þróun hrintu stjórnvöld í framkvæmd áætlun sem tók á þessu. Auk þess hefur norsk “hálfopinber” nefnd, „fiskútflutningsnefnd“ lagt ríka áherslu á norskt sjávarfang, bæði innanlands sem utan.¹²

Í dag, tíu árum síðar er ímynd norskrar matarmenningar að breytast. Fram hefur komið ný kynslóð af matreiðslumeisturum, stjórnvöld hafa hvatt til þróunar staðbundinna matarhefða og þjóðlegur norskur matur er nú mun aðgengilegri. Viðbrögð heimamanna, ferðamanna og þeirra sem starfa innan matreiðsluiðnaðarins hafa sýnt að þetta er jákvæð þróun.

Fyrir utanaðkomandi virðist sem íslenska ferðapjónustan leggi mjög litla áherslu á þjóðlegan íslenskan mat, en þó eru nokkrar mjög góðar undantekningar á því. Sérstaklega virðist það eiga við um þjóðlega sjávarrétti, eins og fisk, sjófugl og sjávarspendýr.

Þessi staða sýnir á margan hátt skort á viðurkenningu á þeim möguleikum sem eigin menning, sérstaða Íslands gefur – íslensku gæðin sem ferðamenn sækjast eftir að upplifa.

Til að leggja meiri áherslu á sjávarfang og matarmenningu sem leið til að byggja upp sjálfsmynd og þróa gæðaferðapjónustu, þarf að koma á fót áætlun til að kanna þetta og koma með tillögur til úrbóta.

4.7. Fuglabjörg

Fuglaskoðun er sérstök grein innan ferðapjónustu í sjávarbyggðum. Í raun er um sömu hugmynd og hvalaskoðun að ræða, en inn í landi er þetta m.a. stundað á Mývatnssvæðinu. Í Vestmannaeyjum og á nær öllum öðrum stöðum sem eru með fuglabjörg á Íslandi myndi það vera arðbært að meta kosti þess að koma á fuglaskoðun á svæðinu. Látrabjarg er eitt stærsta fuglabjarg heims og við Rif er að finna eitt stærsta kríuvarp í heimi.

Auk þess myndi það vera áhugavert að auka gæði þessara nýju þjónustu með því að sjá til þess að við þetta starfi vel menntaðir leiðsögumenn. Einnig mætti

¹² Sjá www.seafood.no

gefa út yfirlitskort og upplýsingar um fuglalíf á staðnum. Slík þróunarverkefni eru dæmigerð samstarfsverkefni háskóla, fuglaskoðunarfélaga og heimamanna.

4.8. Tónlist

Fólk sem býr við sjóinn hefur oft þróað með sér sína eigin tónlist, umfjöllunarefni, hljóðfæri og flutning. Við þekkjum þetta frá seglskútuöldinni, frá knæpunum í Amsterdam, Hamborg, Ríó og frá fiskiðnaðinum. Frá Írlandi þekkjum við „Shoals of Herring“, frá Hjaltlandi þekkjum við „Rowing Foula down“ og frá Noregi „Eg rodde meg ut pa seiegrunnen“ vel þekkt þjóðlag. Á Íslandi er líka rík söng- og tónlistarhefð tengd sjónum, fiskveiðum, sjávarsíðunni og mannlífinu.

Mikilvægt hljóðfæri í sjávarmenningunni er harmonikkan. Þetta hljóðfæri var notað í samsöng og dans og var ávallt með þegar fólk kom saman. Þess vegna er harmonikkunni komið fyrir á áberandi stað á Sildarsafninu á Siglufirði.

Þetta mikilvæga atriði ætti því að vera grunnurinn að endurskoðun, bæði á vinnu til að færa fram sjávarbyggðamenningu sem sóknarfæri innan ferðaþjónustu, en ekki síður sem liður í að skapa og viðhalda sjálfsmynd Íslendinga í framtíðinni.

4.9. Sjávarútvegstengd ferðaþjónusta

Nokkur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa skapað sér sína sérstöðu þegar það kemur að nýsköpun innan ferðaþjónustu. Má þar nefna frystihúsið á Dalvík þar sem gestir og gangandi geta farið í skoðunarferð um framleiðslusvæðið, Fiskiðjusamlag Húsavíkur og hákarlaverkunin í Bjarnarhöfn.

Þessi tegund ferðaþjónustu þekkest um víða veröld og í ýmsum útgáfum, allt frá bjórgerðarverksmiðju Guinness í Dyflinni að lítilli garðyrkjustöð í Tógó. Í Noregi fer samstarf ferðaþjónustunnar og laxeldisfyrirtækja vaxandi og ferðamenn geta nú fengið að koma með og skoða fiskikerin og fá innsýn í framleiðslu og umhverfisaðstæður þessa hráefnis sem svo margir þekka.

4.10. „Esjan“ – Síðasta ferja Íslands

Fram að áttunda áratug síðustu aldar héldu Ríkisskip uppi ferðum kringum Ísland. Í Noregi er í boði nokkuð sem hefur verið markaðssett sem „Fallegasta sjóferð í heimi“ – hin heimsfræga strandferja Hurtigruta.

Ellefu nútímalegir bátar fara á hverjum degi frá Bergen og Kirkenes. Árið 2003 fóru með henni meira en 530.000 farþegar frá öllum heimshornum. Strandferjan er hinn upprunalegi „Þjóðvegur 1“ landsins og hún hefur frá því hún fór í sína fyrstu ferð 1894 og fram til dagsins í dag verið mikilvægasti samgöngumátinn íbúana og flutningsmáti fyrir vörur meðfram Noregsströndum.

Þar sem flug og hraðbátar hafa tekið við sem mikilvægasti samgöngumátinn hefur ferjan breytt rekstri sínum og starfar nú sem fyrirtæki í ferðaþjónustu,

auk þess sem hún gegnir enn mikilvægu hlutverki sem samgöngutæki á styttri vegalengdum. Hið einstaka við þessa ferðaþjónustu er að ferðamennirnir upplifa sjálfir þetta samgönguhlutverk þar sem heimamenn ferðast úr þorpi í þorp meðfram ströndinni. Þannig fá ferðamennirnir innsýn í daglegt líf í norsku sjávarbyggðunum sem er sterk upplifun, andstætt hinni dæmigerðu útsýnisferð fyrir ferðamenn.

Nútímaleg útgáfa af ferjuleiðum í kringum Ísland væri mjög áhugavert verkefni. Boð frá íslenskum stjórnvöldum um úrvinnslu áætlunar um þetta væri framtak við hæfi.

Nú þegar er boðið uppá slíkar ferðir af erlendum ferjufyrirtækjum. Finnska ferjan Kristina Cruises mun t.d. bjóða uppá slíkar ferðir í sumar. Farþegunum verður flogið til Íslands þar sem ferjan bíður þess að sigla með þá umhverfis Ísland.

Hugsanlegt er einnig að bjóða uppá ferðir á smærri skala, til dæmis ferðir þar sem síldveiðisaga Íslands væri rakin. Siglt væri um Eyjafjörð með viðkomu á gömlu síldarverkunarstöðunum og upphafs- eða áfangastaður væri Siglufjörður.





Kafli V
Markaðsrannsóknir og menntun

5.1. Markaðsrannsókn

Sérstakt verkefni sem einnig ætti að hafa forgang er að safna upplýsingum um hvað markaðinum finnst um mögulega þróun á gæðaferðapjónustu sem byggist á íslenskri strandmenningu.


Því er mælt með því að fljótlega verði gerð stór markaðsrannsókn á þessu.

Markaðsrannsóknina ætti að vinna út frá faglegum skilyrðum og markmiðum sem nefnd eru í forverkefninu *Plokkfiski*.

5.2. Menntun

Menntun núverandi og framtíðar starfsmanna í íslenskri ferðapjónustu ætti að meta í ljósi þess sem kom fram í forverkefninu *Plokkfiskur*. Þessi þáttur er mjög afmarkað langtímaverkefni. Þrátt fyrir það teljum við að mikilvægt sé að taka á þessu strax, með það fyrir augum að þróa viðmið um hæfni starfsmanna sem hægt væri að miðla til ferðapjónustunnar.





**Kafli VI.
Frumkvöðlastarf**

6.1. Frumkvöðlasvæði og viðfangsefni

Í II. hluta kom fram að unnið sé að nokkrum mismunandi verkefnum sem tengjast *Plokkfiski*.

Jafnframt kom í ljós í III. hluta að það liggja talsverð sóknarfæri í að þróa gæðaferðapjónustu byggða á menningu íslenskra sjávarbyggða.

Í enn stærra verkefni, sem ef til vill væri skipulagt sem sérstakt verkefni, eða áætlun, væri eðlilegt að reyna að samhæfa allar gerðir tækifæra til að geta notað þau á besta mögulega máta.

Þegar viðfangsefni og starfssvæði hefur verið valið er eðlilegt að þróa ólíka frumkvöðlastarfsemi á mismunandi svæðum. Aðalmarkmiðið með þessu er að þróa verkefni af viðráðanlegri stærðargráðu. Síðar mætti þróa og bjóða upp á svipaða þjónustu á öðrum svæðum.

Við viljum nefna hér að það er eðlilegt að sjá fyrir sér samstarf Snæfellsness við ESB-verkefnið NORCE. Á sama hátt ætti að skoða frekara starf á Eyjafjarðarsvæðinu og athuga nánar starf á Reykjanesi og í Vestmannaeyjum.

Samtímis væri eðlilegt að skoða mikilvægustu þemun. Hér myndu t.d. vitaferðir vera mikilvægur þáttur.

Út frá þessu má sjá tvo mikilvæga frumkvöðlapætti sem hluta af stærra verkefni:

- ⚡ Samhæfing og þróun samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum á mismunandi landssvæðum.
- ⚡ Verðmætamat menningararfs, með vita og sögulega mikilvæga staði í huga.



A photograph of a rocky coastline. The foreground is filled with dark, jagged rocks. In the middle ground, waves are crashing against the shore, creating white foam. The background shows a dark, overcast sky. The overall tone is somber and dramatic.

**VII. Hluti
Niðurstöður og tillögur**

7.1. Niðurstöður og tillögur

Skv. umfjöllun forverkefnisins *Plokkfiski* og þeim takmörkum og starfssemi sem ríkisstjórn Íslands setur fram í norræna samvinnuverkefninu, eru helstu niðurstöður sem hér segir:

- ⌘ Ísland á sterka en lítt þekkta og viðurkennda strandmenningu.
- ⌘ Strandmenning Íslands er afar mikilvæg fyrir íslenska sögu og sjálfsmynd.
- ⌘ Strandmenning Íslands geymir ýmis sóknarfæri við þróun að gæðaferðapjónustu.

Með þetta í huga eru niðurstöður forverkefnisins eftirfarandi:

- ⌘ Íslensk strandmenning verður grunnurinn að margra ára verkefni, *Plokkfiski*.
- ⌘ Þróunarverkefnið *Plokkfiskur* felur í sér að kortleggja, þróa, skipuleggja, fjármagna og hrinda í framkvæmd starfssemi sem stuðlar að þróun á sjávertengdri gæðaferðapjónustu.
- ⌘ Ríkisstjórn Íslands skipi stjórnendur og komi á fót verkefnahóp með fulltrúum íslenskra stjórnvalda, ferðapjónustu, ferðatengdra samtaka og sérfræðinga sem fá það verkefni að þróa og samhæfa aðalverkefnið *Plokkfisk*.
- ⌘ Lagt er til að fyrsti hluti *Plokkfisks* verði að þróa og gera ítarlega markaðsrannsókn um gæðaferðapjónustu og menningu íslenskra sjávarbyggða. Þetta starf ætti að hefjast haustið 2004.
- ⌘ Fyrsti hluti *Plokkfisks* ætti einnig að fela í sér forgangsverkefni og að haldið verði undirbúningsmálþing um staði og þjónustupætti, með þemað Strandmenning og gæðaferðapjónusta. Þetta starf ætti að hefjast haustið 2004.
- ⌘ Gert er ráð fyrir að þróunarverkefnið *Plokkfiskur* verði aðallega fjármagnað með opinberu fé, sem sérstakt þróunar- og nýsköpunarverkefni allra landsmanna.



VIII. hluti
Uppkast að margra ára aðalverkefni allra
landsmanna, *Plokkfiski*

8.1. Uppkast að þróunarverkefni

Þróunarverkefninu *Plokkfiski* má skipta í þrjá aðalhluta. Þessir þrjú hlutar ná yfir nokkra aðalþætti.

1. Hluti, 2004-2005

- ⌘ Skipulag, kortlagning og samhæfing
- ⌘ Komið á fót starfshópum
- ⌘ Málþing
- ⌘ Markaðsrannsókn
- ⌘ Mat

2. hluti, 2005-2007

- ⌘ Þróunarstarf
- ⌘ Þróun skilyrða og merkjavara
- ⌘ Vöruþróun
- ⌘ Skráning vöru/gæðaeftirlit
- ⌘ Ímyndarsköpun ??
- ⌘ Frumkvöðlaverkefni
- ⌘ Mat

3. hluti, 2007 (2006) – 2009

- ⌘ Framkvæmd verkefna
- ⌘ Skipulag
- ⌘ Komið af stað þjóðarverkefni
- ⌘ Markaðssetning
- ⌘ Markaðsrannsóknir
- ⌘ Starfseminni breytt í rekstur
- ⌘ Áframhaldandi þróun

Gert er ráð fyrir að þróunarverkefnið *Plokkfiskur* verði aðallega fjármagnað með opinberu fé, sem verkefni fyrir allt landið.



Umsagnir samstarfsaðila

Lögð hefur verið fram vinnuskýrslan "Plokkfiskur" sem fjallar um íslenska strandmenningu sem grunn að ferðapjónustu í framtíðinni. Húsafriðunarnefnd fagnar skýrslunni og telur að hún geti orðið til mikils gagns í framtíðinni. Menningarlandslag stranda hlýtur að vera eyþjóð mikilsvert en mikið vantar enn á skilning þar um.

Friðun sjö vita á síðasta ári var viðleitni til að kveikja m.a. áhuga á strandmenningu, en vitarnir eru mikilvægir hluta hennar.

Þess er vænst að hér verði ekki látið staðar numið heldur unnið áfram eftir tillögum "Plokkfisks"

Virðingarfyllst

Magnús Skúlason

Forstöðumaður

Húsafriðunarnefnd ríkisins

Statens Husfredningsnemnd

The National Architectural Heritage Board

Lyngás 7, 210 Garðabær, Iceland

sími (tel.) +354 5302260

magnus@husafriidun.is

Stjórn Íslenska Vitafélagsins fagnar frumskýrslunni Plokkfiskur og telur hana vera eitt skref af mörgum í þá átt að virkja og vernda strandminjar í sem víðasta skilningi. Fyrsta skrefið var stofnun Vitafélagsins, sem leiddi af sér verndun sjö vita og núna þessi skýrsla sem bendir á þá vinnu sem framundan er og hvernig best er að framkvæma hana. Í skýrslunni er farið yfir strandmenningu Íslendinga og gerður áhugaverður samanburður á strandmenningu Íslendinga og Norðmanna. Farið er yfir það hvernig Norðmenn varðveita þessa menningu og nýta sér hana í tekju- og atvinnuskyni. Það er eitthvað sem Íslendingar mega gjarnan draga lærdóm af og hafa til hliðsjónar í áframhaldandi vinnu. Stjórn Íslenska vitafélagsins mælir með því að farið verði eftir tillögum Plokkfisks í framhaldinu.

F.h. stjórnar Íslenska vitafélagsins

Friðrik Friðriksson

Ferðaþjónusta, mennig og saga hafa lengi átt samleið, lengi framan af var sú tenging ómeðvituð. Í seinni tíð hafa þeir einstaklimngar sem starfa í ferðaþjónustu gert sér betur grein fyrir mikilvægi mennigar, og er það vel. Strandmennig er tiltölulega nýtt hugtak fyrir marga en þegar maður hugsar um það þá er strandmenning okkur flestum nátengd. Ég fagna því þeirri vinnu sem hér hefur farið af stað og við í ferðaþjónustunni hljótum að líta opnum augum og með tillhlökkun á afraksturinn.

Elías Bj. Gíslason

Forstöðumaður upplýsinga- og þróunarsviðs

Ferðamálaráði Íslands

"Skýrsla Sigurbjargar Árnadóttur og Stein Malkenes markar tímamót og vekur fólk til umhugsunar um ein mestu verðmæti Íslendinga : Strendmenningu og minjar henni tengdar. Skýrslan er bæði áhugaverð og skemmtileg með margar góðar hugmyndir og full af bjartsýni á framtíðina."

Valdimar Harðarson, kennari

Skýrsla Sigurbjargar Árnadóttur og Stein Malkenes fjallar um mjög áhugaverðan hluta af menningu Íslendinga sem til þessa hefur verið fremur lítið gaumur gefinn. Strandminjar, strandmenning og vitar eiga skilið verðugan sess hjá þessari fiskveiði og siglingaþjóð.

Baldur Bjartmarsson
forstöðumaður rekstrarsviðs
Siglingastofnun Íslands

